

Beiðni um skýrslu

frá velferðarráðherra um stöðu eldri borgara.

Frá Ólöfu Nordal, Bjarna Benediktssyni, Kristjáni Þór Júlíussyni, Ragnheiði E. Árnadóttur, Péttri H. Blöndal, Þorgerði K. Gunnarsdóttur, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Tryggva Þór Herbertssyni, Jóni Gunnarssyni, Ásbirni Óttarssyni og Ragnheiði Ríkharðsdóttur.

Með vísan til 54. gr. stjórnarskrárinnar og 53. gr. laga um þingsköp Alþingis er þess óskað að velferðarráðherra flytji Alþingi skýrslu um stöðu eldri borgara.

Í skýrslunni verði varpað ljósi á eftirfarandi:

1. Þróun ráðstöfunartekna eldri borgara, 65 ára og eldri, árin 2006–2011, skipt eftir launatekjum, greiðslum úr almennum lífeyrissjóðum, greiðslum úr séreignarsjóðum, bótum almannatrygginga og fjármagnstekjum.
2. Áhrif tekjutengingar á ráðstöfunartekjur eldri borgara með tilliti til ólíkra tekna í samræmi við 1. tölul.
3. Hversu margir búa í eigin húsnæði og hversu margir í leiguhúsnæði, þar á meðal húsnæði í tengslum við þjónustu-, dvalar- eða hjúkrunarrými.
4. Skuldsetning eldri borgara:
 - a. húsnæðisskuldir, skipt eftir hjúskaparstöðu, veðhlutfalli og upphæð,
 - b. neysluskuldir,
 - c. aðrar skuldir.
5. Fjöldi eldri borgara sem greiðir auðlegðarskatt, greint annars vegar eftir heildarfjölda og hins vegar upphæð skattgreiðslunnar miðað við:
 - a. hjúskaparstöðu,
 - b. árstekjur,
 - c. atvinnuþátttöku,
 - d. aldur, 65–66 ára, 67–69 ára, 70–74 ára, 75–79 ára, 80–84 ára o.s.frv.,
 - e. ólíkar tekjur, sbr. 1. tölul.